

Nd.

278. Frumvarp

til laga um löggilta sjótjónsmenn.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Úrslitareikninga sjótjóns annast hjer á landi löggiltur sjótjónsmaður (Dispatcheur).

2. gr.

Stjórnarráðið löggildir sjótjónsmenn þar sem þurfa þykir og farið er fram á það. Þann einan má löggilda sjótjónsmann, sem er fullráða að lögum, fjár sins ráðandi, hefir óflekkað mannorð, hefir leyst af hendi lögfræðipróf það, sem skilyrði er fyrir lögfræðiembættum hjer á landi, og sannar, að hann sje að öðru leyti fær um að gegna starfanum.

3. gr.

Stjórnarráðið setur reglur um starf sjótjónsmanna og borgun þá, sem þeim skal heimilt að áskilja sjer fyrir reikningagerðina. Enn fremur skal í þeirri reglugerð tiltaka á hvern hátt sá, sem óskar löggildingar, skuli sanna, að hann sje fær um að takast starfann á hendur.

4. gr.

218. og {223. gr. laga nr. 56, 30. nóv. 1914, falla úr gildi að því leyti, sem þær fara í bága við lög þessi.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru birt í Stjórnartíðindunum.

Greinargerð.

Eftir siglingalögunum, nr. 56, 30. nóv. 1914, 218. gr., eiga 2 dómkvaddir menn að annast úrslitareikninga sjótjóns. Þetta hefir þótt dýrt og umsvifamikið í reyndinni, enda eigi tíðkanlegt annarsstaðar. Er því lagt til, að stjórnarráðinu verði heimilað að löggilda einn mann á hverjum stað, þar sem þörf krefur, til starfans og að setja reglur um starfhæfi hans, að dæmi grannþjóða vorra.

Landssjóði stafa engin útgjöld af þessu, með því að starfsmenn þessir taka kaupgjald af þeim, sem þeir gera sjótjónsreikninga fyrir.